



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15. október 2024

MSS24090143

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um íslenskuver Reykjavíkurborgar**

Á fundi borgarráðs, 26. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver staðan sé í íslenskuverum Reykjavíkurborgar. Er þau öll full og ef það er biðlisti, hversu mörg börn bíða eftir plássi nú á haustönn?*

#### **Svar:**

Í íslenskuveri Austurmiðstöðvar við Ingunnarskóla eru 19 nemendur úr 5.-10.bekk og enginn á biðlista þann 14. október 2024.

Í íslenskuveri Suðurmiðstöðvar við Breiðholtsskóla eru 21 nemandi úr 6.-10.bekk og 3 á biðlista í 5.bekk.

Í íslenskuveri Vesturmiðstöðvar við Austurbæjarskóla eru 21 nemandi úr 7.-10. bekk og 9 á biðlista í 5.-10. bekk.

Í íslenskuveri Norðurmiðstöðvar við Vogaskóla eru 11 nemendur úr 5.-10 bekk og enginn á biðlista þann 14. október 2024.



**Reykjavík**